



**Ávarp
Höllu Tómasdóttur
forseta Íslands
á
ráðstefnu heimsleiðtoga um málefni kvenna
í Peking
13. október 2025**

Virðulegi forseti, Xi Jinping,
virðulegir þátttakendur,
vinir og baráttufólk víðsvegar að úr heiminum:

Það er mér mikill heiður að ávarpa þessa mikilvægu ráðstefnu í Peking, borginni sem fyrir þrjátíu árum var vettvangur tímamóta í réttindabaráttu kvenna. Árið 1995 komu fulltrúar frá 189 löndum saman til að vinna af hugrekki að auknu jafnrétti kynjanna. Afraksturinn, Peking-yfirlýsingin og meðfylgjandi aðgerðaáætlun, er ennþá eitt framsæknasta og áhrifaríkasta plagg sem alþjóðasamfélagið hefur mótað í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. Það markaði tímamót í að auka vitund um að valdefling kvenna er nauðsynleg fyrir lýðheilsu, frið og sjálfbærni allra samfélaga.

Í ár eru einnig 15 ár liðin frá stofnun UN Women og 25 ár frá ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi en þar er viðurkennt að friður er varanlegri þegar konur taka þátt í mótun hans.

Árið 2025 hefur einnig mikla þýðingu fyrir okkur Íslendinga. Það hefur verið skilgreint sem kvennaár – þjóðin fagnar hálfrar aldar afmæli

kvennafrídagsins árið 1975 þegar yfir 90% íslenskra kvenna streymdu út á göturnar og sýndu fram á ómetanlegt framlag sitt til samfélagsins. Þetta friðsamlega verkfall, sem boðað var til 24. október, stöðvaði hjól atvinnulífsins – og breytti stefnu þjóðarinnar.

Það breytti líka mínu lífi. Ég var sjö ára gömul. Þetta var afmælisdagur móður minnar en það skrítna var að hún og systur hennar voru ekki önnur kafnar við að baka, þrifa eða bera fram veitingar. Ég spurði hvernig stæði á því. Svar þeirra var einfalt: „Við viljum sýna fram á að við skiptum máli.“ Þarna var fræi sáð. Ég vildi líka skipta máli. Og ég áttaði mig á grundvallarstaðreynd um mannkynið: Við viljum öll vera séð, metin og að á okkur sé hlustað.

Fimm árum síðar varð forveri minn, Vigdís Finnbogadóttir, fyrsti lýðræðislega kjörni kvenforseti veraldar. Kjör hennar hafði ekki aðeins pólitískar breytingar í för með sér heldur víðtækar samfélagsbreytingar. Árið 1995 sótti Vigdís heimsráðstefnuna um málefni kvenna hér í Peking. Þá var ég nýútskrifuð úr háskóla og ég man vel eftir þeirri öflugu bylgju eftirvæntingar sem barst frá þessari fornfrægu borg. Mig langar að vitna í orð Vigdísar forseta frá ráðstefnunni – orð sem eiga eins brýnt erindi við okkur í dag og fyrir þrjátíu árum:

„Við erum komin til Beijing til þess að þoka málstað kvenna fram á veg – ábyrgir þegnar mannkynsins sem höfum heitið því að skapa komandi kynslóðum betri heim.“

Peking-yfirlýsingin hefur ýtt undir framfarir í löggjöf, menntun, heilbrigðismálum og á sviði stjórnmála. En nú stöndum við frammi fyrir alvarlegu bakslagi. Réttindi, sem áður voru talin sjálfsögð, eiga undir högg að sækja víða um heim og það er jafnvel markvisst grafið undan þeim.

Við höfum enga tryggingu fyrir framförum. Því er ráðstefna okkar hér í dag ekki aðeins afmælisviðburður – hún er áriðandi og brýn. Við verðum að styrkja og endurnýja þá framtíðarsýn sem mótuð var hér í Peking árið 1995. Næstu fimm árin ráða úrslitum um það hvort heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030 náist. Að mínu mati gæti fimmta markmiðið, „Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflað“, falið í sér lykil að því að ná öllum hinum markmiðunum.

Ég legg áherslu á að jafnréttismál eru ekki sérstakt „kvenna málefni“. Kynjajafnrétti er grundvallarmannréttindi og okkur ber að róa að því öllum árum. Það leggur grunn að velmegun, styrkir lýðræðið, eflir nýsköpun og eykur frið og velsæld. Við Íslendingar erum lifandi sönnun þess. Á undanförunum áratugum höfum við samþykkt lög um leikskóla sem fyrsta stigið í skólakerfinu, sameiginlegt foreldraorlof, kynjaða fjárlagagerð, jafnlaunavottun og kynjakvóta – tekið skref sem hafa sína annmarka en hafa fært okkur fram á við. Þau gera sitt gagn.

Á síðasta ári varð Ísland fyrsta landið til að gefa út kynjað skuldabréf til að fjármagna aðgerðir sem stuðla að jafnrétti. Þetta er ekki bara fjármálaleg nýjung heldur leiðarhnoða fyrir þrautseig og framsækin samfélög.

Jafnrétti snýst ekki bara um hverjir hafa völdin heldur hvernig valdi er deilt og því beitt. Þegar konur blómstra, blómstra þjóðir. Jafnvel á Íslandi, sem er leiðandi á heimsvísu á sviði kynjajafnréttis og réttinda hinsegin fólks, er enn verk að vinna. Stefnumótunin ein og sér nægir ekki. Brýnt er að breyta einnig menningu og viðhorfum. Við þurfum að fá til þátttöku fleiri karla og drengi sem hafa gagnrýnið viðhorf við skaðlegra viðmiða, axla sinn hluta ábyrgðarinnar og taka fjölbreyttri forystu fagnandi.

Hvergi er þetta mikilvægara en í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi – bæði í raunheimum og á netinu. Íslendingar hafa samþykkt ný lög til að sporna gegn

stafrænu áreiti en við vitum að lagabreytingar einar nægja ekki. Það þarf einnig að framkalla breytingar með fræðslu, vitundarvakningu og daglegum samskiptum sem byggja á virðingu og hlýju.

Öðru fremur byggjast framfarir á samræðum, þvert á kyn, kynslóðir og landamæri. Samræður ýta undir skilning, vinna gegn sundrung og gera okkur kleift að takast sameiginlega á við flóknar áskoranir.

Við skulum því sækja styrk í arfleifð Peking-yfirlýsingarinnar, ekki með því að umgangast hana sem sögulegt plagg heldur sem markmið. Við skulum grípa til aðgerða – ekki einhvern tímann, heldur núna – í þágu stúlkanna sem á eftir okkur koma. Þær eiga ekki skilið óefnd loforð heldur trygg réttindi og raunveruleg tækifæri. Veröldin þarf svo sannarlega á krafti stúlkna að halda.

Virðulegi forseti, Xi Jinping:

Mig langar að þakka þér fyrir að bjóða til þessarar ráðstefnu á þessum tímamótun. Árangur Kína í að hefja milljónir manna upp úr sárri fátækt, auka jafnrétti kynjanna og vinna að grænum orkuskiptum eru til marks um að breytingar eru mögulegar.

Við skulum draga af þeim lærdóm og setja markið enn hærra. Í heimi sem einkennist af óvissu, átökum og vaxandi loftlagsógn er jafnrétti ekki munaður – það er nauðsynlegt. Það er grunnurinn að friði, drifkraftur nýsköpunar og lykillinn að lífvænlegum heimi.

Maó Zedong sagði eitt sinn: „Konur halda uppi helmingi himinsins.“ Nú um stundir verðum við að ganga skrefinu lengra og bæta við: Í heimi þar sem ójafnvægi ríkir hafa konur styrk til að lækna, visku til að vísa veginn og hugrekki til að ýta undir þær breytingar sem eru aðkallandi.

Við skulum heiðra framtíðarsýn Peking-yfirlýsingarinnar, ekki með orðum einum, heldur með verkum. Ekki einhvern tímann, heldur núna.